

HS Veitur hf - Ársreikningur 31. desember 2016

Ársreikningur HS Veitna hf. fyrir árið 2016 var samþykktur á fundi stjórnar í dag, 17. febrúar 2017.



Helstu atriði

Heildarhagnaður ársins 2016 var 736 m.kr. á móti hagnaði árið 2015 upp á 780 m.kr.

EBITDA var 2016 1.899 m.kr. (32,9%) á móti 1.896 m.kr. (32,4%) árið 2015.

Fjárhagsstaða er sterk og horfur góðar. Eiginfjárlutfall þann 31. desember 2016 er 42,3% en var 42% í ársbyrjun..

Veltufjárlutfall var 2,52 þann 31. desember 2016 samanborið við 3,49 í árslok 2015.

Hluthafar félagsins eru fjórir, í lok árs áttu þrír hluthafa yfir 10% hlut í félagini:

Reykjanesbær	50,10%
HSV Eignarhaldsfélag slhf	34,38%
Hafnarfjarðarbær	15,42%

Almenn umfjöllun

Heildarhagnaður ársins 2016 nam 736 m.kr. á móti hagnaði árið 2015 uppá 780 m.kr. Það er minnkun hagnaðar um 44 m.kr. sem skýrist með hækken fjármagnsliða upp á 23 m.kr. og hækken annars rekstrarkostnaðar um 28 m.kr. Hagnaður fyrir fjármagnsliði minnkaði um 30 m.kr. Tekjur lækkuðu um 73 m.kr. m.a. vegna minni vatnssölu sem rekja má til hagstæðara tíðarfars og breytinga á söluþyrirkomulagi. Verðbætur langtímalána hækka um 31 m.kr. á milli ára.

Tekjur lækkuðu um 1,2% á milli ára. Samkvæmt rekstrarreikningi námu rekstrartekjur HS Veitna hf á árinu 2016, 5.775 m.kr. þar af vegna raforkudreifingar og flutnings 2.940 m.kr., vegna sölu og dreifingar á heitu vatni 1.840 m.kr., vegna sölu og dreifingar á fersku vatni 582 m.kr. og vegna annarrar starfsemi 413 m.kr. Sambærilegar tölur fyrir árið 2015 eru eftirfarandi: Rekstrartekjur 5.848 m.kr. þar af vegna raforkudreifingar og flutnings 2.910 m.kr., vegna sölu og dreifingar á heitu vatni 1.888 m.kr., vegna sölu og dreifingar á fersku vatni 551 m.kr. og vegna annarrar starfsemi 499 m.kr.

Kostnaðarverð lækkaði um 1,8% á milli ára á meðan tekjur lækkuðu um 1,3%. Kostnaðarverð sölu nam 3.869 m.kr. árið 2016 (67% m.v. tekjur) á móti 3.941 m.kr. árið 2015 (67,4% m.v. tekjur). Meðal helstu rekstrarliða eru raforkuflutningur 839 m.kr. (14,5%), kaup á heitu vatni 745 m.kr. (12,9%), raforka vegna tapa í dreifikerfum 197 m.kr. (3,4%) og kaup á ferskvatni 66 m.kr. (1,1%). Alls nema þessir liðir þannig 31,9% af tekjum.

Annar rekstrarkostnaður hækkar milli ára eða um 28 m.kr. (624 m.kr. 2016 en 596 m.kr. árið 2015). Þessa breytingu skýrist að mestu með hækken launa vegna breytinga á rekstrarþyrirkomulagi um 88 m.kr. en á móti kemur hækken á skrifstofu og stjórnunarkostnaði að upphæð 65 m.kr.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld eru neikvæð um 415m.kr. á árinu 2016 en voru neikvæð upp á 392 m.kr. á árinu 2015, eða alls hækken á milli ára um 23 m.kr. Þessa hækken má að rekja til hækkunar verðbóta vegna langtímalána um 31 m.kr. en verðbætur 2016 voru um 214 m.kr. á móti 183 m.kr. árið 2015. Vaxtagjöld lækkuðu um 15 m.kr., voru 365 m.kr. 2016 en 380 m.kr. 2015. Fjármunatekjur lækkuðu lítillega vegna lækkunar lausafjár eða um 6 m.kr., voru 171 m.kr. árið 2015 en 165 m.kr. árið 2016.

Gjaldfærður tekjuskattur nam 131 m.kr. árið 2016 á móti 144 m.kr. árið 2015. Tekið er fram að afkoma ferskvatnsdeilda er undanþegin tekjuskatti og var virk skattprósenta því 15,1% árið 2016 en var 15,2% 2015.

EBITDA ársins 2016 er 1.899 m.kr. (32,9%) á móti EBITDA 1.896 m.kr. (32,4%) fyrir árið 2015.

Samkvæmt efnahagsreikningi eru eignir HS Veitna hf þann 31. desember 2016 bókfærðar á 20.704 m.kr. Eignir hækkuðu um 399 m.kr. frá ársbyrjun. Fjárfestingar í veitukerfum 2016 námu alls um 1.343 m.kr. þar af vegna raforkudreifingar 966 m.kr., vegna sölu og dreifingar á heitu vatni 302 m.kr. og vegna sölu og dreifingar á fersku vatni 75 m.kr. Sambærilegar tölur frá fyrra ári eru eftirfarandi: fjárfestingar í veitukerfum 824 m.kr. þar af vegna raforkudreifingar 402 m.kr., vegna sölu og dreifingar á heitu vatni 184 m.kr. og vegna sölu og dreifingar á fersku vatni 49 m.kr. Aðrar fjárfestingar svo sem fasteignir, upplýsingakerfi og bifreiðar voru samtals 630 m.kr. á árinu 2016 en 171 m.kr. árið áður.

Eigið fé HS Veitna hf nam 8.764 m.kr. þann 31. desember 2016 (eiginfjárhlfall 42,3%) en eigið fé í ársþyrjun var 8.525 m.kr. (eiginfjárhlfall 40%).

Fjárhagsstaða félagsins þann 31. desember 2016 er sterk og horfur um rekstur þess góðar. Áfram verður unnið að stækkun veitukerfa félagsins eftir því sem þörf krefur og að tryggja viðskiptavinum félagsins hámarks afhendingaröryggi.

Helstu fjárhæðir úr ársreikningnum eru sem hér segir í þús. kr.

	2016	%	2015	%	Breyting milli ára
Rekstrarreikningur					
Rekstrartekjur	5.774.778	100,0%	5.847.807	100,0%	(1,2%)
Kostnaðarverð sölu	(3.868.951)	(67,0%)	(3.940.678)	(67,4%)	(1,8%)
Vergur hagnaður	1.905.827	33,0%	1.907.129	32,6%	(0,1%)
Annar rekstrarkostnaður	(624.359)	(10,8%)	(594.868)	(10,2%)	5,0%
Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði	1.281.468	22,2%	1.312.261	22,4%	(2,3%)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	(414.583)	(7,2%)	(392.101)	(6,7%)	5,7%
Hagnaður fyrir tekjuskatt	866.885	15,0%	920.160	15,7%	(5,8%)
Tekjuskattur	(130.949)	(2,3%)	(140.406)	(2,4%)	(6,7%)
Hagnaður tímabilsins	735.936	12,7%	779.754	13,3%	(5,6%)
31.12.2016					
31.12.2015					
Efnahagsreikningur					
Fastafjármunir	17.777.318	85,9%	16.429.031	80,9%	8,2%
Veltufjármunir	2.926.837	14,1%	3.876.233	19,1%	(24,5%)
Eignir samtals	20.704.155	100,0%	20.305.264	100,0%	2,0%
Eigið fé	8.760.499	42,3%	8.524.562	42,0%	2,8%
Langtímaskuldir	10.781.239	52,1%	10.671.263	52,6%	1,0%
Skammtímaskuldir	1.162.418	5,6%	1.109.439	5,5%	4,8%
Skuldir og eigið fé samtals	20.704.156	100,0%	20.305.264	100,0%	2,0%
Kennitölur					
EBITDA	1.899.104	32,9%	1.895.776	32,4%	0,2%
Veltufjárhlfall	2,52		3,49		(27,9%)
Eiginfjárhlfall	42,3%		42,0%		0,8%

Nánari upplýsingar veitir Július Jónsson, forstjóri HS Veitna hf., í síma 422 5200 / 860 5208.